

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, Þrándartún.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. október 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 frá 6. apríl 2006.

Breytingin felst í því að 9,7 ha svæði fyrir frístundabyggð í landi Þrándartúns breytist í íbúðarsvæði. Á svæðinu er gert ráð fyrir sex íbúðarhúsalóðum og sex lóðum undir hesthús þar sem heimilt er að reisa lágreist íbúðar- og hesthús, en svæðið er í um 6 km fjarlægð frá þéttbýliskjarnanum Árnesi þar sem er skóli, verslun og miðstöð opinberrar þjónustu. Aðkoma að svæðinu verður frá Þjóðvegi nr. 32, Þjórsárdalsvegi, um núverandi tengingu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. október 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2009